

Hverfisnefnd Lunda-og Gerðahverfis.

II.fundur þriðjudagur 28.mars kl.20.00 í Lundarskóla.

Mætt Ingibjörg Baldursdóttir, Aðalbjörn Pálsson, Bryndís Elva Valdimarsdóttir,
og Ingvar Þóroddsson.

Forföll boðuðu Hilmar Ágústsson og Sædís Gunnarsdóttir.

Formaður, Ingibjörg Baldursdóttir setur fund.

Býður velkomna Jón Einar Jóhannsson og Hjalta Jóhannesson er voru í Hverfisnefnd Oddeyrar. Skýrðu þeir frá því hvernig Hverfisnefndin hafði byggt upp sitt starf á Oddeyrinni og á hvern hátt hún hefði komið málum áfram. Var fróðlegt að heyra. Lögð er áhersla á að skynsamlegt væri að hafa fá mál undir hverju sinni og fylgja þeim vel eftir en að margt væri í takinu í einu.

Ingibjörg hafði kynnt sér starfsemi Hverfisnefndar Síðuhverfis og var það mjög í sama anda og Hverfisnefnd Oddeyrar hafði starfað.

Gestirnir viku nú af fundi.

Ingibjörg leggur fram uppkast af starfsreglum nefndarinnar sem hún ætlar að útfæra betur og senda nefndarmönnum í tölvupósti til athugasemda og betrubætinga.

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði þriðjudaginn 11.apríl nk í Lundarskóla. Þá verði farið frekar yfir starfsreglur. Ákveðið þá hvernig nefndin ætlar að kynna sig, fréttabréf, auglýsing eða annað. Skipulagðar vettvangsferðir nefndarinnar um hverfið seinnipart apríl og byrjun maí til undirbúnings íbúafundi sem verði haldinn þriðjudaginn 16.maí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ingvar Þóroddsson.